

Fornleifaskráning í landi Grundar á Efri-Jökuldal vegna nýs deiliskipulags



Indriði Skarphéðinsson
2019

Forsíðumyndin sýnir vörðu nr. 11. (Ljósm. IS).


Inngangur

Þann 30. júní síðastliðinn sá Fornleifafræðistofan um skráningu á fornminjum í landi Grundar í Jökuldal vegna nýs deiliskipulags á landareigninni. Verkbeiðandi voru landeigendur jarðarinnar. Svæðið sem skráningin náði yfir má sjá á mynd 1. Grund er nokkuð ung jörð og byggðist hún fyrst á seinni hluta 19. aldar. Í Sýslu og Sóknarlýsingum í Múlasýslum er jörðin sögð hjáleiga frá Hákonarstöðum 1874. Áður en byggð hófst á Grund var þar fyrir sel eða beitarhús. Í ritinu Sveitir og Jarðir í Múlaþingi er sagt að staðurinn hafi áður heitið Flatasel (Sveitir og jarðir í Múlaþingi en í Sýslu og Sóknarlýsingum Múlasýslna er staðurinn kallaður Flatagerði (Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason & Páll Pálsson. 2000:89).

Skráning

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar þeirra friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má enginn, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, grunda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.) Því eru allar fornleifar eldri en 100 ára friðaðar samkvæmt lögum.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22.gr). Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Engar friðlýstar fornleifar eru á eða í nágrenni þess svæðis sem kannað var.



Mynd 1. Yfirlit yfir kannað svæði

Svæðið sem skoðað var við vettvangskonnnun skiptist í tvennt. Annars vegar þrjár þjónustulóðir á túnnum innan við bæjarstæði Grundar (merkt með bláum lit á mynd 1) og hins vegar þrjár frístundarlóðir utan við bæjarstæði Grundar (merkt með gulum lit á mynd 1). Þar sem þjónustulóðirnar þrjár eiga að koma eru fyrir tún sem kallast Skálatún samkvæmt örnefnakorti af Grund (Árnastofnun, örnefnakort) og er það flatlendi sem nær að skriðum sem ná niður að Jökulsá og kallast Grundarskriður.

Þar sem frístundarlóðirnar eiga að koma er fyrir brekka sem nefnist Rennibrekka, tún og melur sem kallast Grundarmelur. Ytri mörk frístundarlóðanna afmarkast af Kringilsá sem rennur ofan af heiði og niður í Jökulsána (Árnastofnun, örnefnaskrá).

Í svæðisskráningu á menningarminjum í Jökuldals- og Hlíðarhrepp frá 1999 eru skráðar fimm minjar á landareign Grundar. Aðeins ein af þeim minjum fellur inn á svæðið sem um ræðir og er það svokölluð Rennibrekkuvarða (Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir 1999).

Fornleifar

Við vettvangskonnnun á svæðinu fundust fimm minjar. Þar er um að ræða tóft af svokölluðum Geitakofa, tvær vörður, þjóðleið og mögulega refagildru. Í fylgigögnum þessarar skýrslu má finna ítarlega skráningu á þessum minjum og í töflu 1 má sjá yfirlit skráðra minja.

Nr.	Tegund minja	Fj.	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislugildi	Friðlýst?
9	Tóft (Geitakofi)	1	Landgræðsla/ Byggingar	Talsverð	Sæmilegt	1550- 1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei
10	Varða, eyktarmark, gildra	1	Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550- 1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei
11	Varða (Rennibrekkuvarða)	1	Byggingar	Talsverð	Sæmilegt	1550- 1900	Lítið (2)	Lítið (2)	Nei
12	Varða?	1	Byggingar	Talsverð	Lélegt	1550- 1900	Lítið (1)	Lítið (1)	Nei
31	Þjóðleið	1	Byggingar	Talsverð	Sæmilegt	1550- 1970	Lítið (4)	Lítið (4)	Nei

Tafla 1. Listi yfir skráðar fornleifar/minjar.




Mynd 2. Staðsetning Geitakofatóftarinnar á Þjónustulóð 3

Helstu fornleifar á svæðinu sem komu í ljós við vettvangskonnnun voru tóft (nr. 9) og möguleg refagildra (nr. 10). Tóftin er merkt inn sem Geitakofi á örnefnakorti Árnastofnunar. Geitakofinn er staðsettur á útjaðri þjónustulóðar 3 og fellur inn í mel sem stendur við túnendann. Talsvert hefur verið plantað í melinn og grenitré vaxa við og í veggjum Geitakofans. Geitakofinn hefur talsvert mikið minjagildi og fær einkunnina 6. Ekki er nákvæmur aldur Geitakofans þekktur en allar líkur eru á því að hann sé eldri en 100 ára og þar með talinn fornleifar. Samkvæmt 22. grein laga um menningarminjar fylgir 15 m friðhelgi umhverfis fornleifar sem ekki eru friðlýstar eða

friðaðar á annan hátt. Mótvægisaðgerðir sem hægt er að grípa til svo að öryggi tóftarinnar sé tryggt væru að breyta þjónustulóð 3 svo að ystu mörk hennar séu ekki meira en 15 m frá Geitakofa tóftinni eða að tóftin verði rannsökuð.

Meint refagildra (nr. 10) fannst í svokölluðum Rennibrekku og lendir rétt utan við frístundarlóð 1. Þessar minjar hafa talsvert minjagildi en eru ekki í hættu að svo stöddu. Þessar minjar eru rúmlega 15 m utan við framkvæmdarsvæðið en nauðsynlegt er að hafa minjarnar í huga ef lagst er í framkvæmdir í nágrenni við þær.




Mynd 3. Staðsetning minja á frístundarlóðum 1-3

Fornleifar nr. 11, 12 & 31 lenda allar innan framkvæmdarsvæðis. Nr. 11 er Rennibrekkuvarða sem stendur á lágum hjalla fyrir ofan tún. Minjagildi hennar er metið lítið en líkur eru á því að hún sé eldri en 100 ára og gildir því það sama um hana og aðrar fornleifar. Það er að ef ekki er hægt að tryggja öryggi hennar þurfi að fara fram á mótvægisaðgerðir sem væru þá breytingar á skipulagi eða rannsökn.

Fornleifar nr. 12 er meint varða og lendir innan frístundarlóðar 3. Hún stendur á Grundarmel sem er hálfgróin melur sem plantað hefur verið í og stendur hún hálf undir grenitré. Hún samanstendur af 5 stórum steinum og er mögulega bara afrakstur steinahreinsunar sem tengist skógræktinni. Minjagildi hennar er lítið og er það mat skráanda að ekki sé nauðsynlegt að tryggja öryggi hennar vegna nýs deiliskipulags.

Þjóðleiðin, fornleifar nr. 31, lendir inn á frístundarlóð 3. Þjóðleiðin kemur inn á frístundarlóð 3 við Kringilsá stutt ofan við Smjörbotn og yfir Grundarmel. Líklegt er að hér sé um að ræða veg sem lagður var inn Efri-dal upp úr 1938 (Ármann Halldórsson 1974:246). Á kortum sem teiknuð eru stuttu áður en vegurinn var lagður er merkt þjóðleið á sama stað. Líklegast hefur vegurinn verið lagður í spor gömlu þjóðleiðarinnar um dalinn. Minjagildi fornleifa nr. 31 er metið lítið og er það mat skráanda að ekki sé nauðsynlegt að tryggja öryggi þeirra vegna nýs deiliskipulags.



Mynd 4, Staðsetning fornleifa nr. 31 merktar með fjólubláum lit

Niðurstöður

Fimm fornleifar voru skráðar innan eða í nágrenni við það svæði sem frístundalóðir 1-3 og þjónustulóðir 1-3 ná yfir. Tvær þessara fornleifa (nr. 9 & 10) teljast hafa talsvert minjagildi og þrjár teljast hafa lítið minjagildi (nr. 11, 12 & 31). Allar skráðar fornleifar nema nr. 31 voru metnar vera frá tímabilinu 1550-1900 og falla líklegast allar inn á seinni hluta þessa tímabils. Gamla þjóðleiðin (31) var metin vera frá tímabilinu 1550-1970 en hún gekk í gegnum talsverðar breytingar á fjórða áratug síðustu aldar þegar akvegur var lagður inn dalinn. Fornleifar nr. 9, 11, 12 & 31 eru innan svæðis en nr. 10 er það langt utan svæðis að framkvæmdir ættu ekki að hafa áhrif á hana. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi minjanna sem lenda innan svæðis þarf að leita leyfis hjá Minjastofnun Íslands og sæta þeim skilmálum sem stofnunin setur.

Heimildir

Finnur N. Karlsson, Indriði Gíslason & Páll Pálsson. (2000). *Múlasýslur, Sýslu- og Sóknalýsingar hins íslenska bókmenntafélags 1839-1874*. Sögufélag. Örnefnastofnun Íslands. Reykjavík.

Ármann Halldórsson. (1974). *Sveitir og jarðir í Múlaþingi*. Búnaðarsamband Austurlands. Prentsmiðjan Hólar. Seltjarnarnesi.

Orri Vésteinsson & Sædís Gunnarsdóttir. (1999). *Menningarminjar í Jökuldals- og Hlíðarhreppi í Norður-Múlasýslu: svæðisskráning*. Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík

Túnakort Grund í Jökuldalshrepp. 1920. Gísli Helgason

Örnefnaskrá. Grund. Ari Gíslason. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Örnefnakort. Grund. Ari Gíslason. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Fylgirit

Fornleifaskrá: Fljótsdalshérað Nr. 9-12.

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
N-Múlasýsla	Fljótsdalshérað			9
Landareign	Mí:Nr	Heiti	Undirnr.	
Grund		Geitakofi	1	

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Indriði Skarphéðinsson	30.7.2019	A 672814,22. N 523182,01	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Tóft	Geithús	Grund 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Landgræðsla	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900		Framkvæmdir	Mikil	Já
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2	Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	6	Talsvert	6	Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Tóftin stendur við SV horn Skálatúns við Skriðubakka og gengur tóftin að hluta til inn í mel sem stendur þar. Tóftin snýr NA-SV.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Grund. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.


Örnefnakort. Grund. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Tóft:

Virðist vera hlaðin úr torfi og grjóti. Hún er stikuð um 7 m á lengd og um 5 m á breidd. Mesta veggjarbreidd er hátt í 2 m. Inngangur er sjáanlegur á NA hlið tóftarinnar og inn í tóftinni miðri er garði sem er um 4 m á lengd og rúmur 1 m á breidd. í SV vegg tóftarinnar er heljarinnar bjarg sem sennilega hefur verið hluti af veggnum þeim megin. Tóftin stendur á skógræktarsvæði og plantað hefur verið í vegg hennar. Nú vaxa grenitré í mannshæð upp úr tóftinni.

Teikning/Ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Indriði Skarphéðinsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunnar Íslands sem setur þá skilmála sem þykja nauðsynlegir

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
N-Múlasýsla	Fljótsdalshérað			10
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Grund				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Indriði Skarphéðinsson	30.7.2019	A 672960,13. N 523834,50	Isn 93		

Tegund minja					Tilgáta/Niðurstaða		Verk	Fjöldi
Varða, eyktarmark, gildra					Refagildra?		Grund 19	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?	
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900		Framkvæmdir	Mikil	Nei	
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Talsvert	6	Talsvert	6		Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Á hjalla í Rennibrekku um 350 m frá bæjarstæði Grundar. Skógrækt er í nágreni staðarins.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Grund. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Varða, eyktarmark, refagildra:

Um 2 m á lengd, 1 m á breidd og liggur NA-SV. Steinakraðakið myndar egglega form sem er breiðara NA megin. SV megin er svo kraðak af minni steinum. Þetta er mögulega refagildra en gæti líka verið hrúnin varða. Örnefnaskrá nefnir Rennibrekkuvörðu á þessu svæði er þetta mögulega hún. Önnur varða (fornleifar nr. 11) fannst stutt frá sem er líkari vörðu og er líklegara að það sé Rennibrekkuvarðan sem Örnefnaskrá nefnir.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Indriði Skarphéðinsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Teikning/ljósmynd

Ljósmynd

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunnar Íslands sem setur þá skilmála

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
N-Múlasýsla	Fljótsdalshérað			11
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Grund		Rennibrekkuvarða?		1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Indriði Skarphéðinsson	30.7.2019	E 673067,48. N 523843	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Varða		Grund 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Byggingar	Talsverð	Sæmilegt	1550-1900		Framkvæmdir	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	2	Lítið	2		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Neðst í Rennibrekku rétt fyrir ofan ystu túnin á Grund. Rúma 350 m frá bæjarstæði Grundar.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Grund. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.

Lýsing

Varða:

Vörðubotninn er kassalaga og um meter á sitthvora hliðina. Varðan er um 20-30 cm á hæð og í kringum hana eru steinar sem líta út fyrir að hafa hrunið úr henni. Grjótið í vörðunni er að mestu óreglulegt í laginu. Nefnd er Rennibrekkuvarða í örnefnaskrá Grundar og á það heiti sennilega við þessa vörðu.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Indriði Skarphéðinsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi vörðunnar þarf að rannsaka þær með leyfi Minjastofnunnar Íslands sem setur þá skilmála sem þykja nauðsynlegir

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
N-Múlasýsla	Fljótsdalshérað			12
Landareign	Mí:Nr	Heiti	Undirnr.	
Grund			1	

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Indriði Skarphéðinsson	30.7.2019	A 673171,91. N 523787,65	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Varða?		Grund 19	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Byggingar	Talsverð	Lélegt	1550-1900
Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
	Framkvæmdir	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Lítið	1	Lítið	1
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei		

Lega og staðhættir

Möguleg varða á grónum mel ofan við gamla þjóðveginn. Melurinn liggur á milli ystu túna Grundar og heitir Grundarmelur. Gamli þjóðvegurinn sem lagður var af um 1970 liggur fyrir neðan melinn.

Heimildir og munnmæli

Lýsing

Varða?:

5-6 stórum steinum hefur verið hlaðið saman til að mynda einhverslags vörðu. Varðan? stendur að hluta til undir tré sem ásamt fleirum hafa verið plantað í melinn.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Indriði Skarphéðinsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir

Fornleifaskrá

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
N-Múlasýsla	Fljótisdalshérað			31
Landareign	Mí:Nr	Heiti		Undirnr.
Grund				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekkja
Indriði Skarphéðinsson	30.7.2019	A 673298.3 N 523914.8	Isn 93		

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi				
Þjóðleið	Gamli Þjóðvegurinn	Grund 19	1				
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
Byggingar	Talsverð	Sæmilegt	1550-1970		Framkvæmdir	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2		Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær
Lítið	4	Lítið	4		Nei	Nei	

Lega og staðhættir

Vegurinn liggur að utan og yfir Kringilsá rétt ofan við Smjörbotn og áfram yfir Grundarmel í átt að íbúðarhúsinu á Grund.

Heimildir og munnmæli

Örnefnaskrá. Grund. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Örnefnasafn.
Ármann Halldórsson. (1937) *Sveitir og jarðir í Múlapingi*. Búnaðarsamband Austurlands.
Prentsmiðjan Hólar. Seltjarnarnesi
E. Jensen og S. Sigurðsson. Herforingjaráðskort (1933-34). Blað 94/103

Lýsing

Þjóðleið:

Gamli þjóðvegurinn sem lá inn Efri-Jökuldal en hann var færður ofar í kringum 1970. Vegurinn er enn vel sýnilegur og virðist enn vera eitthvað í notkun. Vegurinn virðist vera lagður upp úr 1938 og að öllum líkindum hefur hann verið lagður eftir þjóðleiðinni inn dalinn. Á herforingjaráðskortum frá 1933-34 er þjóðleiðin inn dalin merkt og virðist hún passa við staðsetningu vegarins.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd

Ljósmyndari

Indriði Skarphéðinsson

Filma nr./teg. myndar

Olympus E-410

Athugasemdir